



Framkvæmda- fréttir 16. tbl. /06

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik Hringvegur (1) í Leirársveit 06-032

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir og hjólfarafyllingar á um 2,51 km löngum vegkafla á Hringvegi (1) milli Lyngholts og Geldingaár í Leirársveit.

Helstu magntölur eru:

| | |
|-------------------|-----------------------|
| Hjólfarafyllingar | 12.300 m ² |
| Malbik | 2.050 tonn |
| Líming | 18.900 m ² |
| Malbiks yfirlögn | 19.100 m ² |

Verkinu skal að fullu lokið 29. júlí 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 29. maí. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. júní 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14.15 þann dag.



Sumarið 2006 verður hengibrúin á Hringvegi (1) við Jökulsárlón sandblásin og máluð. Framkvæmdir hefjast 1. júní og standa yfir fram á haust. Brúin er einbreið og geta vegfarendur orðið fyrir einhverjum töfum á leið yfir brúna. Vinsamlegast sýnið tillitssemi.

Þessi auglýsing birtist fyrst í 15. tbl. Vegna orðalagsbreytinga er þessi auglýsing birt að nýju. Leiðréttingar fylgja einnig útboðsgögnum.

Vetrarþjónusta, Guðlaugsvík – Hólmavík – Reykjanes, 2006-2009 06-055

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreiðum, innan ramma marksamnings, á leiðinni:

1) Djúpvogur og Vatnsfjarðarvegur á leiðinni Guðlaugsvík-Hólmavík-Reykjanes.

Helstu magntölur (miðast við eitt ár) eru:

Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn 30.000 km

Verktími er frá 1. október 2006 til og með 31. maí 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 22. maí 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. júní 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlagnir á Suðursvæði 2006, malbik 06-061

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir, með malbiki, á Hellisheiði og Austurvegi á Selfossi.

Helstu magntölur eru:

| | |
|--------------------|-----------------------|
| Malbik | 7.698 tonn |
| Útlögn Hellisheiði | 61.390 m ² |
| Útlögn Austurvegi | 3.000 m ² |

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 29. maí 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. júní 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 16. tbl. 14. árg. nr. 437 29. maí 2006

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Niðurstöður útboða

Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2006, „repave“

06-053

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir á Suðvestursvæði 2006, með „repave“.

Helstu magntölur eru:

„Repave“ yfirlagnir 167.641 m²
Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávík (þús.kr.) |
|-----|---------------------------------------|-----------------|-----------------|---------------------|
| 3 | Arnardalur sf., Kópavogi | 225.141.600 | 101,2 | 30.897 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 222.364.500 | 100,0 | 28.120 |
| 2 | Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði | 196.908.100 | 88,6 | 2.663 |
| 1 | Loftorka Reykja- vík ehf., Garðabæ | 194.245.000 | 87,4 | 0 |

Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2006, malbik

06-052

Tilboð opnuð 23. maí 2006. Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2006, með malbiki.

Helstu magntölur eru:

Malbik 8.005 tonn
Útlögn 60.430 m²
Undirvinna axla 10.270 m²

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávík (þús.kr.) |
|-----|--|-----------------|-----------------|---------------------|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 97.018.000 | 100,0 | 6.103 |
| 3 | Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík | 91.836.400 | 94,7 | 922 |
| 2 | Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ | 91.342.500 | 94,2 | 428 |
| 1 | Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði | 90.914.800 | 93,7 | 0 |

Héðinsfjarðargöng, skrifað undir samning

Laugardaginn 20. maí 2006 var undirritaður verksamningur milli Vegagerðarinnar og fyrirtækjanna Metrostav a.s., Tékklandi og Háfells ehf. Reykjavík um gerð Héðinsfjarðarganga.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri skrifaði undir samninginn fyrir hönd Vegagerðarinnar og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra staðfesti undirskriftina. Fyrir hönd Metrostav a.s. undirrituðu samninginn þeir Jiri Belohlav aðalforstjóri og Zdenek Sinovski fjármálastjóri og fyrir hönd Háfells ehf., Eiður Haraldsson framkvæmdastjóri.

Viðstaddir undirskriftina í Síldarminjasafninu á Siglufirði voru að talið er 400 íbúar Ólafsfjarðar og Siglufjarðar auk annarra gesta, þar á meðal ráðherrar og þingmenn. Verksamningurinn er að upphæð 5.739.412.688 kr. og er í krónum stærsti einstaki verksamningur sem Vegagerðin hefur gert til þessa. Samkvæmt samningnum mun verktaki hefjast handa við undirbúning verksins og gert er ráð fyrir að jarðgangagröftur hefjist fyrri hluta september, bæði í Siglufirði og Ólafsfirði. Verklök eru í desember 2009.

Í október 2005 var auglýst forval verktaka um gerð Héðinsfjarðarganga og buðust sex verktakafyrirtæki og verktakasamsteypur til að gera tilboð í verkið. Öll voru þau metin hæf til þess. Fimm aðilar skiluðu inn tilboðum í verkið og voru þau opnuð þriðjudaginn 21. mars 2006. Sameiginlegt tilboð Metrostav a.s. og Háfells ehf. reyndist lægsta og jafnframt hagstæðasta tilboðið að mati Vegagerðarinnar.

Í janúar 2006 var auglýst útboð á eftirliti með gerð Héðins-

fjarðarganga og hefur þegar verið samið við ráðgjafafyrirtækið Geotek ehf. um þann hluta. Upphæð verksamnings er 362.250.000 kr.

Héðinsfjarðargöng eru tvönn jarðgöng um 3,7 km löng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 km löng milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar. Við alla gangaenda eru steypir vegskálar og er heildarlengd þeirra um 450 m. Breidd ganganna er 8,6 m. Lengd nýrra vega í Siglufirði, Héðinsfirði og Ólafsfirði er um 3,2 km og auk þess verður byggð brú á Héðinsfjarðará.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri sagði við undirritunina að hér yrði til ný leið milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og lagði áherslu á að framkvæmdin snerist um annað og meira en jarðgöng þótt þau væru umfangsmikill hluti verksins.

Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarviðs Vegagerðarinnar lýsti framkvæmdinni. Í máli hans kom fram að leiðin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar verður alls um 15 km en leiðin um Lágheiði væri 62 km og ef fara yrði um Öxnadalshéiði milli þessara bæja væri leiðin 234 km.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði að með framkvæmdinni myndu byggðir tengjast betur og eflast um leið. Sagði hann þessa undirritun sögulegan áfanga í samgöngumálum.

Runólfur Birgisson bæjarstjóri Siglufjarðar kvaðst þakklátur stjórnvöldum fyrir að verkið væri nú komið af stað og sagðist finna fyrir vaxandi skilningi meðal landsmanna á þörf þess að tengja byggðarlögin með þessum hætti. Þá sagði hann



Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta, uppsveitir Árnassýslu 2006 – 2009

06-059

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vöru-bifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á eftirfarandi leiðum:

- Skeiða- og Hrunamannavegur (30) frá Hringvegi (1) að Biskupstungnabraut (35) alls 56 km
- Skálholtsvegur (31) Skeiðavegur (30) að Biskupstungnabraut (35) alls 15 km
- Þjórsárdalsvegur (32) Skeiðavegur (30) að Búrfelli alls 24 km
- Biskupstungnabraut (35) Sólheimavegur (354) við Minni-Borg að Gullfossi alls 54 km
- Laugarvatnsvegur (37) Biskupstungnabraut (35) alls 37 km
- Sólheimavegur (354) að vestan, Biskupstungnabraut (35) að Sólheimum alls 9 km.

Verktími er frá 1. október 2006 til 30. apríl 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá mánudeginum 29. maí 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. júní og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Vefur Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, hefur fengið nýtt útlit. Lítið við og kynnið ykkur fjölbreytilegt efni um Vegagerðina og vegamál.

Það ekki síður ánægjulegt að undirritunin færi fram á 88 ára kaupstaðarafmæli Siglufjarðar 20. maí. Hann minnti á að Sverrir Sveinsson hefði fyrstur manna rætt málið á Alþingi og þakkaði hann honum og öðrum sem unnið hefðu málinu brautargengi á undirbúningsstigi. Kvaðst hann sannfærður um að framkvæmdin yrði vítamínsprauta fyrir mannlíf og atvinnulíf á Tröllaskaga.

Eiður Haraldsson framkvæmdastjóri Háfells sagði að framkvæmdir myndu hefjast í júlí og sprengingar í september. Verkinu skal vera lokið 10. desember 2009. Verkaskipting milli Háfells og Metrostav yrði með þeim hætti að tékkneska fyrirtækið sæi um borun og sprengingar en Háfell um aðra þætti verkefnisins. Eiður sagði að um og yfir 35 starfsmenn myndu í allt vinna við verkefnið þegar mest væri. Hann sagði verkið það umfangsmesta sem Háfell hefði tekið að sér, um það bil fimm sinnum stærra en flutningur Hringbrautar í Reykjavík sem Háfell annaðist.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra ávarpaði einnig samkomuna og sagðist hafa skipað starfshóp til að kanna eflingu og þróun heilbrigðisþjónustu í þessum byggðum með tilkomu þessarar nýju leiðar. Halldór Blöndal, alþingismaður og fyrr-

verandi samgönguráðherra, sagði í ávarpi sínu að þetta væri ein stærsta stund sem hann hefði upplifað og sagði Héðinsfjarðargöng gera Eyjafjörð að sterkasta byggðakjarna utan Reykjavíkur. Kristján Möller alþingismaður sagði að loksins væri nú langri baráttu lokið og Stefanía Traustadóttir bæjarstjóri Ólafsfjarðar sagði ákvörðun um sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar vera heillaspor fyrir byggðirnar ekki síst nú þegar göngin væru í sjónmáli.

Heimild: Vefur Vegagerðarinnar, vegagerdin.is og vefur samgönguráðuneytisins, samgonguraduneyti.is

Framvindumynd: Hér að neðan er mynd af Héðinsfjarðargöngum sem verður birt reglulega þegar gangagröftur hefst og verður framvinda verksins merkt inn með gulum lit. Fyrsta birtingin verður væntanlega í september.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeilda. Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár | Opnað: |
|---|--------------------------------|----------|
| 06-060 Kjalvegur 2006 | 06 | |
| 06-057 Þverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá | 06 | |
| 06-048 Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði | 06 | |
| 06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata | 06 | |
| 06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Hella | 06 | |
| 06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur | 06 | |
| 06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará | 06 | |
| 06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur | 06 | |
| 06-026 Skagafjarðavegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir | 06 | |
| 06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná | 06 | |
| 06-025 Hólavegur (767), Hólar - Hólalax | 06 | |
| 06-023 Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733) | 06 | |
| 06-022 Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls | 06 | |
| 06-033 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2006-2007, vesturhluti | 06 | |
| 06-020 Heggstaðanesvegur (702) og Þingeyravegur (721) | 06 | |
| 06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn | 06 | |
| 06-018 Víðidalsvegur (715), Hrapstaðavegur - Dæli | 06 | |
| 06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufa | 06 | |
| 06-011 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði | 06 | |
| 06-010 Mólburður og styrkingar Norðaustursvæði | 06 | |
| 06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið | 06 | |
| 06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá | 06 | |
| 06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell | 06 | |
| 06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss | 06 | |
| 05-047 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2 | 06 | |
| 05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði | 06 | |
| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
| 06-059 Vetrarþjónusta, uppsveitir Árnassýslu, 2006-2009 | 29.05.06 | 13.06.06 |
| 06-061 Yfirlagnir á Suðursvæði 2006, malbik | 29.05.06 | 13.06.06 |
| 06-032 Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik, Hringvegur (1) í Leirársveit | 29.05.06 | 13.06.06 |
| 06-056 Vestfjarðavegur (60), Arnarfjörður - Dýrafjörður, borun rannsóknarhola | 22.05.06 | 06.06.06 |
| 06-055 Vetrarþjónusta, Guðlaugsvík - Hólmavík - Reykjanes, 2006-2009 | 22.05.06 | 06.06.06 |
| 06-034 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2006-2007, norðurhluti | 22.05.06 | 06.06.06 |
| 06-014 Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá | 22.05.06 | 06.06.06 |
| 06-003 Seyðisfjarðavegur (93) um Miðhúsaá | 22.05.06 | 06.06.06 |
| 06-054 Hringvegur (1), Ullarnesbrekka, undirgöng | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 04-072 Garðskagavegur (45) um Stafnes og Ósabotna | 15.05.06 | 30.05.06 |

| Auglýst útboð frh. | Auglýst: | Opnað: |
|--|----------|----------|
| 05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-050 Hafnarfjarðavegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, hönnun | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-051 Hringvegur (1) – Hafravatnsvegur (431), stefnugreind gatnamót | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-019 Melasveitarvegur (505) um Súlunes | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-016 Þverárfjallsvegur (744), Skagavegur - Sauðárkrókur, 1. áfangi | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-037 Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009 | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-040 Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri, 2006-2009 | 15.05.06 | 30.05.06 |
| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
| 06-053 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, „repave“ | 08.05.06 | 23.05.06 |
| 06-052 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, malbik | 08.05.06 | 23.05.06 |
| 06-044 Vetrarþjónusta, Mýrar og Norðurárdalur 2006-2009 | 10.04.06 | 02.05.06 |
| 06-049 Þykkvabæjarvegur (25) og Árbæjarvegur (271) | 24.04.06 | 09.05.06 |
| 06-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2006, norðurhluti | 24.04.06 | 09.05.06 |
| 06-043 Vetrarþjónusta, Brattabrekka 2006-2009 | 10.04.06 | 02.05.06 |
| 06-013 Hvanneyrarvegur (511), hringtorg | 03.04.06 | 25.04.06 |
| 04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði | 20.03.06 | 25.04.06 |
| 06-008 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2006 | 03.04.06 | 18.04.06 |
| 05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit | 20.02.06 | 07.03.06 |
| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
| 06-041 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Hringvegi (1) að Selfossi, 2006-2008 <i>Monstro ehf.</i> | 11.04.06 | 17.05.06 |
| 05-035 Héðinsfjarðargöng <i>Hátell ehf. og Metrostav a.s.</i> | 21.03.06 | 20.05.06 |



Nú sér fyrir endann á gerð nýrrar brúar á Laxá í Aðaldal hjá Laxamýri. Það er brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar á Hvammstanga sem þarna hefur verið að störfum í vetur. Ljósmynd: Hafðís E. Jónsdóttir 16. maí 2006.